

Sæl verið þið,

Ég undirritaður rek ferðapjónustu í Mývatnssveit.

Náttúrupassi er því miður ekki lausn að mínu mati. Það er t.d. alls ekki eining um hann í þjóðfélaginu. Hann á bara að gilda um ákveðin svæði, svo það mun valda misskilningi hjá ferðafólki og valda því áhyggjum og streytu. Hann er dýr í framkvæmd og margir munu sniðganga hann. Það er afleitt ef það verða tvö kerfi í gangi eða jafnvel fleiri. Margir munu misskilja leiðbeiningar vegna túngumálaörðugleika sem mun valda óánægju og töfum.

Fólk kemur til Íslands aðallega til þess að njóta náttúrunnar en án þess að það veiti því athygli þá hleðst það upp af orku og vellíðan sérstaklega frá hinni ósnortnu náttúru (sem er fjöregg komandi kynslóða). Það skynjar þó flest slökunina og tímaleysið hér á landi og það fer til baka brosandí og fullt af hamingju og talar mjög fallega um nánast allt á Íslandi.

Náttúrupassinn mun valda áreiti, kvíða og neikvæðu andrúmslofti sem mun skemma fyrir okkur öllum.

Það yrði gríðarleg aukavinna og tímaeyðsla fyrir alla í ferðapjónustu og miklu fleiri að útskýra og leiðbeina fólki.

Gjaldtakan sem hófst s.l. sumar við Hveri austan Námafjalls og Leirhnjúk gaf okkur reynslu og við sáum allskonar viðbrögð hjá fólki og ýmis vandamál.

Ég tel að það sé til lausn á þessu þannig að það verði aðeins eitt kerfi fyrir allt landið og ferðafólkið geti ferðast brosandí og án áreitis og leiðinda...

Mig langar til þess, ef það er vilji til, að fá að eyða u.þ.b. 10 – 15 mín af ykkar tíma til að útskýra mína lausn.

Virðingarfyllst,

Sigfús Illugason

Sími 464-4240

691-1428